



Árshátíðarútgáfa

1. tbl. 2012



Ávarp ritstjórnar

Í dag er merkilegur dagur, í dag er tyllidagur. Tímarit hagfræðinema, Hjálmar, er loksins komið út eftir margra ára bið og það í fyrsta sinn á prenti ! Það má búast við því að það muni losna um mikla spennu sem hefur byggst upp undanfarin ár og er tilvalið að gera það á árshátíð okkar hagfræðinema. Heilar tvær vikur eru liðnar frá síðustu vísindaferð og því má búast við rosalegri árshátíð hjá djammþyrstum hagfræðinemum. Blaðinu er ætlað að vera í senn skemmtilegt og fræðandi og það endurspeglir félagslíf, nemendur og kennara deildarinnar. Við í ritstjórn erum stoltir af blaðinu og vonum að þetta gefi tóninn fyrir næstu ár og hefð skapist með útgáfu þess. Einnig viljum við koma sérstökum þökkum til Sæmundar Árna Hermannssonar formanns Ökonomiu fyrir mikinn stuðning við gerð blaðsins. Til hamingju með daginn og góða skemmtun á árshátíðinni !

Ritstjórn

Helgi Þórir Sveinsson
Valgeir Erlendsson
Þorsteinn Andri Haraldsson

Ábyrgðarmaður

Sæmundur Árni Hermannsson

Hönnun og umbrot

Þorsteinn Andri Haraldsson

Ritstjórn mælir með beikon-samlökunni í Hámu



Ritstjórn Hjálma 2011-2012: Þorsteinn Andri, Valgeir, Helgi og Sæmundur

LÉTTÖL
TUBORG
LIQUID SOUNDTRACK

*Fjörirð hefst
með Tuborg*



Hagfræðin og gjafirnar

Dr. Þórólfur Matthíasson



Flestir sem læra hagfræði kynnast hug-takinu Allra tap (e. Dead weight loss) í tengslum við óhagræði skattlagningar.

Allra tap í skattheimtu kemur fram veg-na þess að það verð sem neytandi greiðir (framleiðsluverð plús skattar af ýmsu tagi) er hærra en kostnaður framleiðan-da af að framleiða vöruna. Menn eru ekki á eitt sáttir um hversu mikið þetta allra tap er. Í bókinni *Scroogenomics*, (Waldfoegel, 2009) segir frá hópi sem kallar sig Citizens Against Governmental Waist sem mat það svo að 17 milljarðar dollara bandarísku alríkisstjórnarinnar

árið 2008 hafi varið til einskisnýtra viðfangsefna. Ekki er víst að frjálslyndir bandaríkjamenn séu sammála þessu mati, en látum það liggja milli hluta.

Skattheimta er ekki eina uppspretta allrataps ef svo má segja. All-ratap verður einnig til þar sem einkasala er við lýði eða þar sem einkeypi er við lýði. Mat hagfræðinga á allra tapi vegna einkasölu hleypur á breiðu bili, frá 0,1% af landsframleiðslu og allt upp í 5% af landsframleiðslu. Mat á velferðartapi í einstökum greinum getur farið mun hærra, sjá (Hindriks & Myles, 2006), kafla 8.

Þriðja uppspretta allrataps eru tækifærisgjafir, jólagjafir, útskrifta-gjafir o.s.frv. Allir strákar kannast við að hafa fengið mjúkan pakka í jólagjöf þegar harður pakki var á óskalistanum. Nú eða þegar ein-hver hallærispeysa kom upp úr mjúka pakkanum.

Áðurnefndur Waldfogel hefur metið umfang gjafamarkaðrins í Bandaríkjunum. Árið 2007 taldi hann umfangið vera af stærðargráðunni 66 milljarðar dollara. Þ.e.a.s. kaupendur keyptu gjafir fyrir 66 milljarða dollara. Waldfogel hefur síðan gert tilraun til þess að



Þessum jólagjöfum hefur líklega ekki verið skilað, enda harðir pakkar, grjótharðir.

meta greiðsluvilja gjafabeganna. Þ.e.a.s. hann hefur spurt gjafþega hvað þeir væru tilbúnir til að greiða fyrir þann hlut sem þeir fengu að gjöf. Og niðurstaðan er sú að gjafþegar væru aðeins tilbúnir til að greiða 54 milljarða króna fyrir þessar gjafir! Allratapið vegna tækifærisgjafa í USA væri því nálægt 20%!


Waldfogel bendir á að öflugir þrýstihópar vinni að því að draga úr soun tengdri opinberri starfsemi. Hann bendir einnig á að soun sem fólgin er í gjafaæðinu um jólin sé af svipaðri stærðargráðu. Hér væri kannski kominn stefnugrundvöllur fyrir nýjan stjórnmálaflokk?



HOTEL
Framnes
Nesvegi 6, 350 Grundarfirði
Sími: 43868939 Fax: 4386930
framnes@hotelframnes.is
www.hotelframnes.is



ÁRÍÐ Í A





MYNDUM





Þjónusta sem KVH veitir félagsmönnum:

- » Aðstoð og ráðleggingar við gerð ráðningarsamnings.
- » Upplýsingar um launakjör á markaði.
- » Aðstoðum við framkvæmd og túlkun kjarasamninga.
- » Fræðsla og námskeiðahald - sérniðin fyrir háskólamenntaða
- » Aðstoðum í ágreiningsmálum gagnvart vinnuveitanda.
- » KVH er talsmaður einstakra félagsmanna gagnvart vinnuveitanda ef leitað er eftir.

Háskólanemar geta sótt um nemaðild að KVH.

Við hvetjum þig til að skoða heimasíðu okkar eða hafa samband við skrifstofu okkar að Borgartúni 6, 105 Reykjavík.



Sími skrifstofu KVH: 581 2720 • www.bhm.is/kvh

**Kjarafélag viðskipta og
hagfræðinga óskar öllum
hagfræðinimum í Háskóla
Íslands velfarnaðar í námi
og starfi og þakkar góð
samskipti á liðnum árum**



Almannavæðing ríkisins

Helgi Þórir Sveinsson, ritstjóri



Viktor Traustason

Umfjöllunarefni þessarar greinar er lýðræði. Við höfum öll skiptar skoðanir á því hvernig stjórnarháttum er háttað á Íslandi í dag og hvað betur mætti fara. Flestir sem ég hef talað við eru þó sammála um eitt, það er hversu ólýðræðislegt stjórnarfyrirkomulagið er. Það að fá að kjósa um fjóra mismunandi flokka einu sinni á hverjum fjórum árum og kalla það lýðræði er í besta falli hlægilegt. Alþingismenn eru ábyrgir eingöngu gagnvart eigin samvisku, sbr 48. gr. stjórnarskrá Íslands. Er núverandi skipulag fullkomið eða er einhver önnur leið?



Benjamin Plaggenborg

Ég ráðfærði mig við tvo spekinga um málið, Viktor Traustason, samfélagsgagnrýnanda, og Benjamin nokkurn Plaggenborg (ég veit, ég elska þetta nafn líka), heimspekinema. Það varð strax ljóst að efni þessarar greinar yrði á mjög furðulegum nótum. Hvorugur þeirra er ánægður með það hvernig málin standa í dag og eru þegar búnir að brugga upp hugmynd að lausn á vandamálinu.

Lausnin er almannavæðing ríkisins. Það er oft talað um að ríkisvæða eitthvað einkarekið, eða einkavæða eitthvað ríkisrekið. Hvað í ósköpunum er það að almannavæða eitthvað? Hugmyndin er þessi: tókum ríkið og breytum því í félag allra landsmanna, þar sem hver félagsmeðlimur fær einn hlut í félaginu. Hver meðlimur hefur þá eitt atkvæði sem hann getur nýtt sér í kosningum félagsins.

Tekjur ríkisins eða „Félagsins“ (með stóru F-i) þurfa þá að koma frá meðlimum og hægt væri að kjósa um hvernig því yrði háttað. Til dæmis væri hægt að taka útgjöld Félagsins og dreifa því jafnt á alla meðlimi. Hver meðlimur hefur þá frelsi til að segja sig úr Félaginu, þó hann afsali sér þá þeim fríðindum sem fylgdu. Hep- pilegt gæti verið að brjóta Félagið upp í smærri félög (með litlu f-i), til dæmis utan um hvern rekstur. Algert frelsi myndi þá ríkja fyrir hvern sem er að gerast meðlimur að þeim fjölda félaga sem honum/henni sýnist. Frá sjónarhóli hagfræðinema finnst mér þetta skemmtileg hugmynd, sérstaklega þar sem í þessum heimi þyrftu ríkis-félögin að keppa við fyrirtæki á markaði um hylli neytenda.

Spurning frá mér: Hvernig er ætlast til þess að beint lýðræði eins og þetta gangi upp miðað við almennt áhugaleysi um stjórnmál? -Viktor svarar: Beint lýðræði er skemmtileg hugmynd en ekki mjög praktísk, en ef við viðurkennum rétt annara til að starfa í okkar umboði, rétt eins og þegar við látum aðra sækja póstinn okkar, leysist slíkt vandamál sjálfkrafa. Við þurfum ekki að hafna hugmyndinni um fulltrúalýðræði, því allir hefðu rétt á því að fram- selja kosningarétt sinn. Þá færist sá réttur í hendur fulltrúa sem kjósa fyrir hönd þeirra sem vilja. Þetta væri auðvitað afturkallan- leg. Þetta yrði raunverulegt fulltrúalýðræði.

Slúður

Loftur og Helga Soffía
Stjórnarást?

Loftur og Kolla

Kamilla og Hjörvar Hafliða

Íris og Sgi, heim saman

Loftur og Regína Ósk

Tommi og kærasta Eggerts

Arna Gréta og ónefndur Dani

Jónas Elvar, júdas, og HR

Heiðar Ingi kominn á fast

Matti Leifs og ónefnt 94 módel

Drama hjá Eggert og kæró útaf Tomma

Karlotta in a rele á facebook í vikunni

Viktor Trausta og Þorsteinn S óvinir

Loftur og Erna

Eggert og kæró sát

Den Danske Kro

Happy Hour alla daga á Danska
16:00 - 19:00

Mánudagar

Snafsakvöld
- öll skot á kr. 400.-

Þriðjudagar

Lifandi tónlist / Kvöldvaka

Miðvikudagar

POP-QUIZ
tilboð á barnum
& lifandi tónlist

Fimmtudagar

Lifandi tónlist & og bjór bingó

Föstudagar

Lifandi tónlist / Kvöldvaka

Laugardagar

Lifandi tónlist / Kvöldvaka

Sunnudagar


Þynnukukvöld
Lifandi tónlist og tilboð á barnum

&

Happy Hour · Lifandi tónlist · Pílu
Smorrebrod · Skandinavísk kvöld ·
Boltinn í beinni & “the drinking dices”
þ.e. veðjaðu við barþjóninn!



Ingólfsstræti 3 · 101 · Rvk
www.danski.is



HVAR ER VALLI?

Neðanmáls við stjórnarskránnu

Undarleg saga hvernig að ný stjórnarskrá 1874 varð til þess að Íslendingar fóru að lesa erlenda reyfara og rómana.

Dr. Ásgeir Jónsson



Ásgeir Jónsson,
hagfræðingur

Árið 1874 fengu Íslendingar stjórnarskrá að „gjöf“ frá Danakonungi í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar. Af þessu tilefni kom Kristján IX hingað í opinbera heim-sókn fyrstu vikuna í ágúst. Það þóttu tíðindi en þrátt fyrir að Danir hefðu stjórnað Íslandi í fimm aldir var þetta í fyrsta sinn sem konungur þeirra kom í eigin persónu. (Hefur einhver tekið eftir styttnu af manni er heldur á samanrúlluðu blaði fyrir framan Stjórnarráð Íslands? Þar er kominn Kristján IX og réttir stjórnarskránnu til Íslend-inga.)

Alþingi fékk löggjafar- og fjárveitingarvald með stjór-narskránnu en hún hélt einnig önnur ákvæði sem komu óbeðin frá Dönum. Hér mætti nefna trúfrelsi, félaga-frelsi, prentfrelsi, fundafrelsi og málfrelsi. Í kjölfarið hljóp gríðarlegur vöxtur í blaðaút-gáfu þannig að vart er hægt að tala um annað fjölmiðlabyllingu. Þessi nýju blöð urðu vettvangur fyrir fréttir og fjörug skoðanaskipti og gerðu blaðamenn og rit-stjóra að helstu áhrifastétt landsins. Mönnum þá hætti til þess að vera rætnir og persónulegir, svo helst minnir á bloggara nú-tímans, enda voru málaferli algeng vegna ýmissa ummæla á prenti.

En blöðin birtu einnig þýddar erlendar framhaldssögur eru voru pretnaðar neðanmáls og tóku oft um ¼ af dálkaplássi þeirra. Ritstjórararnir voru misvandir að virðingu sinni, þegar þeir völdu úr heimsbókmenntunum til að færa lesen-dum, en mikið bar á formúlubókmenntum (e. genre) – svo sem glæpasögum, ástarsögum, fantasíum, löggusögum og hryllingssögum. Hvað þýðingarvin-nuna snerti, virðast skrifbentarnir hafa gefið sér töluvert frelsi til þess að stytta, staðfæra og jafnvel bæta inn krassandi hlutum til að auka sölu blaðsins.

FJARSTÆÐUSMÍÐIR

Kvæði og rímur um atburði aftur úr öldum höfðu löngum verið andleg fæða Íslendinga auk riddara-, fornaldar- og fornsagna ýmiss konar.

Neðanmálssögurnar voru úr nútímanum frá í stórborgum víðs vegar um heiminn og sögðu frá ýmsum æsilegum atburðum. Þegar landsmenn komust á bragðið urðu þeir brátt óseðjandi. Þegar landsmenn komust á bragðið urðu þeir brátt óseðjandi. En margur orðhagur maðurinn fékk þó þó útrás fyrir sköpunargleðina að þýða neðanmálssögur. Það að vera skapandi þýðandi er síðan næsta skrefið á undan því, að skrifa sjálfur sögu eftir erlendri formúlu en með íslenskt sögusvið. Það er engin tilviljun, að fyrsta kynslóð skáldsagnahöfunda hérlandis voru einmitt blaðamenn – menn eins og Einar Hjörleifsson Kvaran, Jón Trausti og Ólafur Friðriksson sem hófu að skrifa rómana og reyfara í neðanmálssstíl – og það oft með ágætum tilþrifum.

Það var ekki fyrr en með næstu kynslóð þar á eftir, að höfundar koma fram sem enn eru lesnir og metnir. Í þeim hópi mætti nefna Gunnar Gunnarsson, Þórberg Þórðarson og Halldór Laxness. Sá síðasttaldi minntist raunar á neðanmálssögur í endurminningarbókum sínum sem áhrifavalda. Sérstaklega varð honum tíðrætt um það hvernig góður þýðandi gæti breytt meðal reyfara í ansi góða bók.

Á VÆNGJUM NEÐANMÁLSSINS

Í grein, sem Benedikt Björnsson, síðar skólastjóri á Húsavík (f. 1879-d.1941), ritaði í Skírni árið 1906 hefur hann þungar áhyggjur af því að ritstjórar blaðanna leiki á „lesgirni“ almennings með því, að þýða efni, sem „er einskisvert rusl og sumt verra en einskisvert, alveg gersneytt öllum skáldskap og fegurð, fjarri öllum sálfræðislegum sanni ...“. Hér eru sérstaklega nefndar til sögunnar „ógurlegar kynjasögur, stórglæpasögur, óskiljanlega uppspunnar lögregluþvætur og ótal margt þess konar góðgæti, allt fellt og smellt þannig saman að undrum sætir oft, hve höfundurinn er hagvirkur fjarstæðusmiður“.


Menningarvitar nútímans virðast enn á sama máli um þessa horfnu bókmenn-tagrein sem neðanmálssagan var. Kannski er því ákveðið gat í þróunarsögu bókmennta landsins. En þeir rithöfundar Íslenskir sem hafa snúið sér að formúlubókmenntun verma nú toppsæti allra sölulista hérlandis.

En Benedikt hélt því einnig fram að mikla grósku í blaðaútgáfu um aldamótin megi nær eingöngu þakka neðanmálssögunni. Hinn venjulegi íslendingur hafi fyrst og fremst keypt blöðin til þess að fá að lesa um Sherlock Holmes, Drakúla og ástsjúkt fólk í makaleit. Ef svo er hefur þjóðfélagsumræðan verið borin uppi af þýddum reyfurum og rómönnum sem tryggðu lágmarkshóp lesenda. Kannski hefur þá hnignun blaðaútgáfu hérlandis farið saman við hnignun neðanmálssögunnar?

Það munar miklu að vera í Námunni

Náman er vildarþjónusta fyrir alla námsmenn, 16 ára og eldri. Lögð er áhersla á þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, betri kjör og fjölbreytt fríðindi.


Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



Hagfræðitvífarar



Þorsteinn



Draco Malfoy



Hafþís Tinna



Pocahontas




Tryggvi



Sæmi



Dollí




Dollí

Heitt



Gin og Tonic
G&T



Afríka




Whitney
Houston



Rock Werchter
2012

Kalt



Adele



Snjór



Grikkland



Mr. Freeze
- Ískaldur



Stjórn Ökonomíu 2011-2012: Eggert, Erna, Kamilla, Lilja og Sæmundur

Ávarp Stjórnar

Við vitum öll að það sem hefur haldið okkur stjórninni, ásamt öðrum hagfræðinemendum, gangandi á þessu skólaári er að vita til þess að hið eina sanna elítu, úrvals, gæða og gaman blað, Hjalmar, myndi einn daginn líta dagsins ljós. Nú er sá dýrindisdagur runninn upp og senn fer að líða að því að við í stjórninni réttum keflið áfram til næstu stjórnar og því er um að gera að leggja árar í bát, koma sér vel fyrir og horfa til baka á atburði ársins og lífið í Háskólanum.

Það sem einkennir þessa frábæru deild er ekki bara hversu fállegt fólkið sem leggur nám við hana er, heldur er það líka hversu mikill gullmoli hver og einn einstaklingur er. Ekki nóg með það að nemendurnir séu þeir bestu (kalt mat) heldur eru kennararnir einnig þeir allra eftirminnilegustu. Ég ætla að leyfa mér að efast um það að einhver af ykkur mun nokkurntímann gleyma þessum litríku karakterum sem setja svo sannarlega svip sinn á skólalífið. Þetta tvennt soðið saman gerir námið að því sem það er, endalaust af kómískum minningum.

En það sem er náttúrulega mesti drifkrafturinn í náminu okkar er það að vita til þess hversu mikilvæg við verðum í framtíðinni. Ég meina, ef það væri væri engir hagfræðingar, þá væri aldrei kreppa, engin verðbólga, engin verðtrygging, og svo má lengi telja..Beisikklí engin hamingja.

Pegar rætt er um jákvæðar minningar um háskólann er ein bygging sem kemur alltaf upp í hugann á manni. Oddi. Oddi hefur verið eins og einhverskonar staðgönguheimili. Heimili sem er fullt af góðum minningum. Má þá nefna alla flóruna; allt frá „allnighterum“ fyrir próf eða stór verkefnaskil, þar sem maður var umkringdur ógeðslegum mat og óhollum gosdrykkjum. Odda-101, mögulega verstu en samt á einhvern hátt bestu kennslustofu sem Háskólinn býður upp á. Litlu sætu kaffistofunni með yndislegu konunum og skítuga samlokugrillinu, eða bara þessi venjulegi skóladagur, þar sem að maður hangir efst í Odda með samnemendum sínum og blandar smá lærdómi við mikið af fíflalátum og spjalli. „It’s the little things that count“ eins og einhver sagði.

Nú fer senn að líða að lokum þessa kjörtímabils hjá okkur og því um að gera að vera væminn og þakka fyrir liðið skólaár. Án ykkar allra hefði ég engan veginn skemmt mér jafn vel í vísindaferðum, því ég lofa ykkur því að það verður mjög fljótt þreytt að fara í drykkjuleiki við sjálfan sig. Án ykkar þá hefði ég engan til að eyða tíma með og hefði líklegast neyðst til þess að setjast niður og læra. Án ykkar væri buxnalaus hálf tími frekar vandræðalegur í prófatíð. Mikilvægast af öllu er þó, að án ykkar hefði þetta frábæra félagslíf verið hundleiðinlegt einstaklingslíf.

Að lokum vil ég enda á smá tilvísun frá mjög merkum manni og miklum spekingi sem ég hitti eitt sinn á ferðalagi mínu um heiminn. Ég bið ykkur um að leggja þetta á minnið, ég lofa ykkur að þetta eru mikil heilræði og mun hjálpa ykkur í gegnum námið ykkar í Háskólanum.

Eins og spekingurinn sagði...ÞETTA DJAMM DJAMMAR SIG EKKI SJÁLFT.

Takk fyrir árið.

Fyrir hönd stjórnarinnar,

Sæmundur Árni Hermannsson, formaður Ökonomiu



— Það er margt sem felst í því að vera ábyrgir —

FORELDRAR

Mynd 1.a



Vertu líf- og sjúkdómatryggður

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá Lífis býrðu þér og þínum nánustu öruggari og áhyggjulausari framtíð. Allir þeir sem hafa fyrir öðrum að sjá eða hafa fjárhagslegar skuldbindingar ættu að huga að mikilvægi líf- og sjúkdómatrygginga.

Kynntu þér málið á **lífis.is** eða í síma **560 5000**.

Lífis tryggingar fást hjá vís

Líftryggingafélag Íslands hf. / Ármúla 3 / 108 Reykjavík Sími: 560 5000



Lífis